

Nd.

319. Frumvarp til laga

[114. mál]

um breyting á lögum nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist:

Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá eftirlifandi maki hans þrátt fyrir það sama rétt til lífeyris eins og hann hefði hlotið, ef hinn látni hefði verið orðinn 65 ára gamall, er hann lézt. Ákvæði þetta gildir einnig um lífeyrisrétt maka fyrrverandi alþingismanns, sem var látinn áður en lög þessi gengu í gildi.

Nú hefur fyrrverandi alþingismaður gengið í hjónaband á þeim tíma, er hann naut lífeyris samkvæmt lögum þessum, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Þegar alþingismaður, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins andast, áður en hann hefur setið á þingi þrjú kjörtímabil eða 10 ár, á maki hans rétt á að fá endurgreitt úr sjóðnum vaxtalaus iðgjöld þau, er hinn látni hafði borgað í sjóðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lífeyrir ekkju eða ekkils skal greiddur eins og 1. málsg. 1. gr. laga þessara hefði öðlazzt gildi 1. jan. 1954.